

# Efna- og blámorsvöktun í Mývatni 2019–2021



Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn 2024

# Efna- og blámorsvöktun í Mývatni 2019–2021

Höfundar:

Árni Einarsson, Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn

Eydís Salome Eiríksdóttir, Hafrannsóknastofnun

Forsíðumynd: Helgavogur við Ytriflóa. 29. júlí 2020. Blámor í vatninu.  
Mynd: Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn



## Efnisyfirlit

1 Inngangur.....	1
2 Sýnatökustaðir og söfnunaraðferðir.....	1
3 Efnagreiningar á vatnssýnum og niðurstöður þeirra.....	3
4 Greiningar og niðurstöður mælinga á blámori .....	9
5 Ástandsflokkun Mývatns.....	13
Viðauki 1 – Niðurstöður efnamælinga .....	14
Viðauki 2 – Skrá um birtar efnamælingar og túlkun þeirra tengdar Mývatni: Vatnsbol, seti og grunnvatni.....	24

## Töfluskrá

Tafla 1. Staðsetningar sýnatökustöðva .....	3
Tafla 2. Ástandsflokkun Mývatns 2020 .....	13
Tafla 3. Ástandsflokkun Mývatns 2021 .....	13
Tafla 4. Niðurstöður mælinga sem gerðar voru á eðlis- og efnapáttum í útfalli Mývatns við Geirastaði 2020 til 2021 .....	15
Tafla 5. Niðurstöður mælinga sem gerðar voru á eðlis- og efnapáttum í Syðriflóa í Mývatni 2020 til 2021 .....	16
Tafla 6. Niðurstöður mælinga sem gerðar voru á eðlis- og efnapáttum í Ytriflóa í Mývatni 2020 til 2021 .....	17
Tafla 7. Niðurstöður mælinga sem gerðar voru á eðlis- og efnapáttum í Grænalæk 2020 til 2021 .....	18
Tafla 8. Niðurstöður mælinga sem gerðar voru á eðlis- og efnapáttum í Grjótavogi 2019 til 2021 .....	19
Tafla 9. Niðurstöður mælinga sem gerðar voru á eðlis- og efnapáttum í Helgavogi 2019 til 2021 .....	20
Tafla 10. Niðurstöður mælinga sem gerðar voru á eðlis- og efnapáttum í lind við Bjarg neðan við Reykjahlíð 2019 til 2021 .....	21
Tafla 11. Styrkur næringarefna í Ytriflóa, Syðriflóa, útfalli Mývatns og Grænalæk 2020 til 2021 .....	22
Tafla 12. Næmi efnagreiningaraðferða og hlutfallsleg skekkja mælinga.....	23

Mynd 1. Mývatn og nærliggjandi vötn og efnasýnatökustaðir.....	2
Mynd 2. Sýrustig (pH) í Mývatni .....	4
Mynd 3. Uppleystur kísill (SiO <sub>2</sub> ) í Mývatni .....	4
Mynd 4. Heildarmagn niturs (ósíað vatn) í Mývatni .....	5
Mynd 6. Styrkur fosfats í síuðu vatni úr Mývatni sumarið 2020 .....	6
Mynd 7. Styrkur fosfats (síað vatn) á öllum sýnatökustöðum sumarið 2020.....	6
Mynd 8. Styrkur uppleystra næringarefna í þremur lindum í Mývatni 2019 .....	7
Mynd 9. Styrkur uppleystra næringarefna í þremur lindum. Samanburður á 2019 og 2020.....	8
Mynd 10. Framvinda blámors (blá lína) og grænþörungasvifs (græn lína) í útfalli Mývatns sumarið 2020 .....	9
Mynd 11. Magn blábaktería (blaðgræna í lítra) á um 80 cm dýpi í Mývatni .....	10
Mynd 12. Gervihnattarmyndir sem sýna blámorið í Mývatni 26. ágúst 2020 og 22. júlí 2021 .....	10
Mynd 13. Samanlögð dagsmeðaltöl blámors í útfalli Mývatns 2011-2021 .....	10
Mynd 14. Ferill blámors í suðurhluta Mývatns 2011–2021.....	11
Mynd 15. Ljósdeyfistuðull í Syðriflóa Mývatns 2012–2020 .....	12
Mynd 16. Sjónkýpi í Syðriflóa Mývatns 1973–2020.....	12

# 1 Inngangur

Vorið 2020 hófust reglubundnar mælingar á næringarefnum í Mývatni samkvæmt lögum um stjórn vatnamála, sem sett voru skv. vatnatilskipun Evrópusambandsins. Fjórir sýnatökustaðir (nr. 1 – 4 á 1. mynd) voru valdir í verkefnið en Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn bætti við þremur til viðbótar (nr. 5 – 7) og jók við fjölda efna sem mæld voru á öllum stöðunum til að heildarmynd fengist af efnabúskap vatnsins. Markmið mælinganna er að fylgjast með breytingum á efnasamsetningu Mývatns til langs tíma með verndun þess í huga. Í skýrslu þessari birtast niðurstöður fyrir árin 2020 og 2021. Mælingar þessar koma í kjölfar kortlagningar á næringarefnum í grunnvatni á svæðinu<sup>1</sup> og einnig úrbótum á frárennslismálum í þéttbýlinu í Reykjahlíð, sem hafði það höfuðmarkmið að lækka styrk næringarefna þar.

Í skýrslunni eru einnig niðurstöður mælinga á blámori (*cyanobacteria blooms*) í Mývatni 2011 til 2021, en framvinda þess hefur áhrif á styrk næringarefna í vatninu.

Í lok skýrslunnar er heimildalisti um efnamælingar í Mývatni og uppsprettuvatni þess.

## 2 Sýnatökustaðir og söfnunaraðferðir

Vinnulag við sýnatökur var þannig að starfsmaður Ramý sótti vatnssýni á fjóra staði (nr. 1–4) en starfsmaður Geochemý tók vatn úr þremur uppsprettum (söfnunarstaðir nr. 5–7). Sýnin voru öll meðhöndluð af Geochemý, hluti hvers vatnssýnis var síaður til mælinga á uppleystum efnum en hluti hvers sýnis var látinn ósíaður til mælinga á heildarstyrk næringarefna, N og P í föstu og uppleystu formi. Geochemý sá um mælingar á sýrustigi, basavirkni og anjónum.


Vatnsefnasýnum var safnað á þremur stöðum í Mývatni, í Ytriflóa, Syðriflóa og í útfallinu við Geirastaði. Auk þess var sýnum safnað í Grænalæk og í lindum í Grjótavogi, Helgavogi og við Bjarg. Fimm sýnum var safnað frá júní til október árið 2020 og fjórum sýnum var safnað frá júní til september árið 2021. Sýnum var safnað í hreina plastbrúsa sem áður voru þvegnir þrisvar sinnum úr vatninu, á þeim stað sem sýnasöfnun var gerð. Mælingar á pH og leiðni voru gerðar á sama tíma og sýnum var safnað og var pH mælirinn kvarðaður við pH 4 og 7 fyrir hverja söfnunarferð.

Staðsetningar sýnatökustaða eru tíundaðar í töflu 1. Söfnunarstaður nr. 1 er hefðbundinn sýnatökustaður í útfalli vatnsins við Geirastaði. Sýnin voru tekin neðan við stífluna þar sem vatnið fossar undan hleðslu norðan megin við lokumannvirki Landsvirkjunar. Nálægt þessum stað (en ofan hleðslunnar) er hitasíriti Ramý og skammt fyrir neðan hann er litarefnasíriti Ramý, sem mælir magn svifþörunga í árvatninu. Söfnunarstaður nr. 2 er hefðbundinn sýnatökustaður (stöð 33) um miðbik Syðriflóa (suðurflóa Mývatns). Þar er litarefnasíriti og hitamælir og fylgst er með smádyralífi og ýmsu fleiru (LTREB-verkefnið). Staður nr. 3 er um miðbik Ytriflóa (norðurflóa Mývatns). Hann á sér ekki lengri sögu, en tekið er mið af því að áhrifa lindarvatns gæti þar ekki, hvorki kalda vatnsins sem streymir fram í suðausturhorni flóans sunnan við bæinn Voga né volga vatnsins við Reykjahlíð og í Helgavogi. Staður nr. 4

---

<sup>1</sup> Eydís Salome Eiríksdóttir 2018. Efnasamsetning grunnvatns á vatnasviði Mývatns. Skýrsla Hafrannsóknastofnunar, HV 2019-18. 53 bls.

er á austurbakka Grænalækjar, sunnan við brúna á gamla þjóðveginum við Arnarbæli. Austurbakkinn var valinn vegna þess að við vesturbakkann gætir afrennsli af Framengjum, mýrarflákanum vestan Grænavatns og Grænalækjar. Grænilækur er afrennsli Grænavatns en í því eru vatnsmiklar kaldar lindir. *Staður nr. 5 (Grjótavogur)* er vatnsmikil köld uppspretta á bakka Mývatns rétt neðan landamerkjavörðu Garðs og Kálfstrandar. Þetta er hefðbundinn sýnatökustaður. *Staður nr. 6 (Helgavogur)* er hefðbundinn sýnatökustaður innst í vögnum þar sem frekar vatnslitlar volgar lindir spretta fram undan bakkanum. Forsíðumynd skýrslunnar sýnir Helgavog. *Staður nr. 7 (Bjarg)* er hefðbundinn staður neðan við húsið Bjarg þar sem volg lind rennur undan bakkanum í mjórri lænu. Síðastnefndu staðirnir tveir hafa áratugum saman sýnt merki um næringarefnamengun (hækkuð N og P gildi).



Mynd 1. Mývatn og nærliggjandi vötn og efnasýnatökustaðir. Rautt er volgt aðrennsli, blátt er kalt aðrennsli og grænt eru staðir úti í Mývatni og í útfalli þess. *Lake Myvatn and the sample sites.*

Tafla 1. Staðsetningar sýnatökustöðva (WGS 84). Sjá 1. mynd. *Locations of sampling sites. See Fig. 1 for map.*

Stöð	Breidd	Lengd
1. Geirastaðir (útfall Mývatns)	65° 35,929' N	17° 06,156' V
2. Syðriflói (miður aðalflói Mývatns)	65° 35,618' N	17° 00,284' V
3. Ytriflói (norðurfloei Mývatns)	65° 37,967' N	16° 57,157' V
4. Grænilækur (árós Grænalækjar v. Mývatn)	65° 33,847' N	16° 59,424' V
5. Grjótavogur (köld lind við Kálfaströnd)	65° 33,774' N	16° 56,632' V
6. Helgavogur (volg lind við Reykjahlíð)	65° 38,021' N	16° 55,353' V
7. Bjarg (volg lind við Reykjahlíð)	65° 38,418' N	16° 54,919' V

Sýnin voru síuð með Cellulose Acetate síum með 0,2 µm porustærð, 47 mm í þvermál. „In-line“ síuhaldari úr plasti var notaður og peristaltisk dæla var notuð til að pumpa vatninu í gegn um síuna. Áður voru flöskurnar hreinsaðar þrisvar sinnum með síuðu sýni. Fyrst var síað í 300 ml brúna glerflösku fyrir mælingar á basavirkni/alkalinity. Flaskan var fyllt frá botni og upp til að minnka samskipti á milli vatns og andrúmslofts. Þá var síað í tvær 100 ml PE plastflöskur til mælinga á næringarefnum og anjónum og síðast var vatn síað í 50 ml PE plastflösku til mælinga á katjónum og snefilmálmum. Í síðustu flöskuna var bætt 0,5 ml af fullsterkri HNO<sub>3</sub> sýru. Sýni til mælinga á næringarefnum voru sett í frysti.

### 3 Efnagreiningar á vatnssýnum og niðurstöður þeirra


Daginn eftir að sýnum var safnað voru vatnssýnin títruð með 0,1 M HCl þar til endapunktur er náð og basavirkni vatnsins reiknuð. Endapunkturinn var fundinn með Gran-falli (Stumm og Morgan, 1996). Næringarefnin voru greind með sjálfvirkum litrófsmæli með viðurkenndum aðferðum<sup>2</sup> hjá ALS í Danmörku. Aðalefni (katjónir) og snefilefni voru einnig greind samkvæmt viðurkenndum aðferðum af ALS í Lulea í Svíþjóð<sup>3</sup>.

Starfsmaður Hafrannsóknastofnunar sendi frosin sýnin til fyrirtækisins ALS í Svíþjóð sem efnagreindi þau. Efnagreiningar sýna frá söfnunarstöðvum 1 til 4 (tafla 1) eru ítarlegri en hinna þriggja. Ástæðan er sú að Landsvirkjun stendur fyrir ítarlegri vöktun á efnasamsetningu linda, að fosfór og nitri frátöldum, og mikilvægt að hafa samanburð við aðrar mælingar sem gerðar eru á vatni á vatnasviði Mývatns (sjá t.d. skýrslur eftir Sigurð G. Kristinsson, Magnús Ólafsson o.fl. í heimildaskrá). Niðurstöður efnamælinganna birtast annars vegar á meðfylgjandi myndum og texta með þeim og hins vegar í töflum í viðauka 1 (töflur 4 til 11). Í töflum 2 og 3 eru teknar saman upplýsingar um styrk næringarefna sem nýtast við ástandsflokkun Mývatns með tilliti til laga um stjórn vatnamála (nr. 36/2011). Greiningarmörk fyrir efnagreiningar-aðferðir eru í töflu 12 í viðauka 1.


<sup>2</sup> DS/EN ISO 11732:2005; DS/ISO 29441:2010; EN ISO 6878:2004

<sup>3</sup> SS EN ISO 17294-1, 2 (mod) samt EPA-metod 200.8 (mod), SS EN ISO 11885 (mod) samt EPA-metod 200.7 (mod), SS EN ISO 17852.







Mynd 2. Sýrustig (pH) í Mývatni (Ytriflóa, Syðriflóa og útfalli vatnsins við Geirastaði) og Grænalæk (innrennsli hans í Mývatn) sumarið 2020. Sýrustigið hækkar um hásumarið vegna ljóstillífunar og bindingar kísils í þörungaskeljum. *pH in Lake Myvatn and Grænilækur river in summer 2020. The variation is mostly due to photosynthesis and silica fixation by diatoms.*




Mynd 3. Uppleystur kísill (SiO<sub>2</sub>) í Mývatni (Ytriflóa, Syðriflóa og útfalli vatnsins við Geirastaði) og Grænalæk sumarið 2020. Breytingar yfir sumarið eru að mestu tengdar bindingu kísils í þörungaskeljum. *Dissolved silica in Myvatn and Grænilækur. The variation with time is largely due to silica fixation by diatoms.*




Mynd 4. Heildarmagn niturs (ósíað vatn) í Mývatni (Ytriflóa, Syðriflóa og útfalli vatnsins við Geirastaði) og Grænalæk (innrennsli hans í Mývatn) sumarið 2020. *Total N (unfiltered water) at four lake-associated sites. It is mostly a function of biomass.*




Mynd 5. Heildarmagn fosfórs (ósíað vatn) í Mývatni (Ytriflóa, Syðriflóa og útfalli vatnsins við Geirastaði) og Grænalæk (innrennsli hans í Mývatn) sumarið 2020. *Total P (unfiltered water) in four lake-associated sites. It is mostly a function of biomass.*




Mynd 6. Styrkur fosfats í síuðu vatni úr Mývatni sumarið 2020. *Phosphate concentration in filtered water from Myvatn in 2020.*



Mynd 7. Styrkur fosfats (síað vatn) á öllum sýnatökustöðum sumarið 2020. Styrkur fosfats í Mývatni er mun lægra en í lindunum því að lífverur í vatninu taka það upp. *Variation in phosphate concentration in filtered water from all seven sampling sites at Myvatn. The four upper lines are from springs; the lake sites (lower three) are lower in phosphate because it has been taken up by the biota.*




Mynd 8. Styrkur uppleystra næringarefna í þremur lindum í Mývatni 2019. Bjarg og Helgavogur eru volgar lindir við Ytriflóa, báðar mengaðar af næringarefnum, en Grjótavogur er köld lind í suðausturhorni vatnsins. Kaldar lindir við Mývatn koma af miklu stærra vatnasviði en hinar volgu og hafa því mun hærri náttúruleg P-gildi. *Dissolved nutrient concentration in three springs on the east shore of Myvatn. Grjótavogur is a cold spring, the other two are tepid and influenced by human activity. Cold springs by Myvatn are fed from a much larger water catchment than the warm springs and have much higher P-values. See Figure 1 for locations.*




Mynd 9. Styrkur uppleystra næringarefna í þremur lindum. Samanburður á 2019 og 2020. *Concentration of dissolved nutrients in three springs in Myvatn in 2019 and 2020.*

## 4 Greiningar og niðurstöður mælinga á blámori


Í þessum kafla er gerð grein fyrir athugunum sem gerðar voru á blámori sumarið 2020 og þróun birtustigs í vatninu undanfarin ár og áratugi. Blámor (e: *cynaobacterial blooms*) hefur mikil áhrif á næringarefnaframboð í Mývatni vegna þess að bakteríurnar sem mynda það binda nitur (N). Ef blámor hefur myndast er N ekki lengur takmarkandi fyrir lífríkið í heild. Lífræn framleiðni takmarkast þá af fosfór, nema morið verði svo mikið að ljós komist ekki að ráði niður í vatnið (10. og 15. mynd). Þá verður lífríkið birtutakmarkað. Áraskipti eru að blámorinu, t.d. var það mjög mikið 2020, en sáralítið 2019 (13. og 14. mynd). Flóarnir tveir eru ekki samstiga; morið hefst venjulega í Ytriflóa og þar hættir það gjarnan fyrr en í Syðriflóa (11. mynd). Fylgst er með morinu með sírita í útfalli Mývatns við Geirastaði og öðrum í miðjum Syðriflóa. Farnir eru nokkrir bátsleiðangrar um vatnið á sumri hverju til að kortleggja morið (11. mynd). Setið er um gervitunglamyndir af morinu og drónamyndir teknar ef með þarf til glöggvunar á útbreiðslu þess og vatnssýnum safnað til greiningar á tegundasamsetningu blábakteríanna sem mynda það. Ljós- og gegnsæismælingar í vatninu sýna líka vel árin sem blámor ríkir (15. og 16. mynd). Ekki er vitað hvað ræður magni mors, en nokkuð öruggt er að breytileiki milli ára á sér ekki beina samsvörun í aðstreymi næringarefna.




Mynd 10. Framvinda blámors (blá lína) og grænþörungasvifs (græn lína) í útfalli Mývatns sumarið 2020. Takið eftir hléi á blámorinu í byrjun ágúst. Blámoreið 2019 er sýnt til samanburðar (punktalína). (Úr ársskýrslu RAMÝ 2020.) Sjá einnig 14. mynd. *Development of the cyanobacterial bloom in Lake Myvatn in summer 2020, measured at the lake outlet.*



Mynd 11. Magn blábaktería (blaðgræna í lítra) á um 80 cm dýpi í Mývatni 11. ágúst 2020 og 30. júlí 2021. Mælt var með flúrljómunarmæli (Algae-Torch frá BBE Moldenke). *Density of Cyanobacteria at about 80 cm depth in Lake Myvatn, expressed as the amount of cyanobacterial chlorophyll-a per litre, measured with a hand-held fluorometer (Algae-Torch from BBE-Moldenke).*




Mynd 12. Gervihnattarmyndir sem sýna blámorið í Mývatni 26. ágúst 2020 og 22. júlí 2021. Morið nær inn á lindasvæðin í suðausturhorni vatnsins 2020, en það er óvenjulegt (Mynd: Sentinel-2). *Satellite images showing the dense cyanobacterial blooms 26 August 2020 and 22 July 2021.*




Mynd 13. Samanlögð dagsmeðaltöl blámors í útfalli Mývatns 2011–2021. Árið 2013 vantar 10 daga í lok tímabils og mælt í miðjum SF í stað útfalls. *Total cyanobacteria blooms in the Lake Myvatn outlet 2011–2021 (concentration × days).*






14. mynd. Ferill blámors í suðurhluta Mývatns 2011–2021. *Cyanobacteria concentration in the Lake Myvatn outlet 2011–2021 (smoothed curves).*





Mynd 15. Ljósdeyfistuðlar (*light attenuation coefficient*) í Syðriflóa Mývatns 2012–2020. Há gildi gefa til kynna lítið gegnsæi (blábakteriublóma). (Heimild: LTREB-gagnagrunnur.) *Light attenuation coefficients in the South Basin of Lake Myvatn in the period 2012–2020. High values indicate cyanobacteria blooms.*



Mynd 16. Sjónkýpi (m, Secchi, meðaltal júlí og ágúst) í Syðriflóa Mývatns 1973–2020. Þegar sjónkýpi er merkt sem 4 metrar sést til botns, en vatnið er um 3,4 m á dýpt um miðbikið. *Water clarity (Secchi depth in m, mean July–August) in the South Basin of Lake Myvatn in the period 1973–2020. The water depth is 3.4 m and when the bottom is visible the Secchi-depth is recorded as 4 m. This record indicates a gradual but highly variable decline in water clarity.*

## 5 Ástandsflokkun Mývatns

Í töflum 2 og 3 eru tekin saman meðaltöl mælinga á eðlisefnafræðilegum gæðapáttum sem liggja fyrir úr mælingum sem gerðar hafa verið í útfalli Mývatns við Geirastaði. Þar er einnig reiknað vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir þessa þætti. Nauðsynlegt er að reikna samræmt gæðahlutfall (nEQR) til að hægt sé að reikna meðaltal ólíkra matsþátta sem segja til um ástand hvers gæðapáttar. Lakasta einkunnin fyrir nEQR (lægsta talan) ræður endanlegri útkomu ástandsflokkunarinnar.

Tafla 2. Ástandsflokkun Mývatns 2020 (vatnagerð LL2) miðað við eðlisefnafræðilega gæðapætti í útfalli vatnsins við Geirastaði. Styrkur ammóníums (NH<sub>4</sub><sup>\*</sup>) hækkar mikið í Mývatni þegar blámor er í miklu magni í vatninu. Á öðrum tímum er styrkur þess mun lægri (tafla 4). *Ecological status of Myvatn in 2020, according to physico-chemical quality elements used in WFD status classification*

Gæðapættir	Matsþættir	Einingar	Mæligildi	EQR	nEQR	Litakóði ástands-flokkunar
Súrnunarástand	Leiðni	µS/cm	132	0,79	0,88	Mjög gott
	pH		8,61	1	1	
	Basavirkni	meq/l	e.m.	-	-	Mjög gott
	Meðaltal nEQR súrnunarástand				Basavirkni ekki mæld	-
Næringarefni	PO <sub>4</sub>	µmól/l	0,277	1	1	
	NO <sub>3</sub>	µmól/l	0,095	1	1	
	NH <sub>4</sub> <sup>*</sup>	µmól/l	4,70	0,11	0,11	
	Meðaltal nEQR næringarefni				0,70	Gott

Tafla 3. Ástandsflokkun Mývatns 2021 (vatnagerð LL2) miðað við eðlisefnafræðilega gæðapætti í útfalli vatnsins við Geirastaði 2021. Styrkur ammóníums (NH<sub>4</sub><sup>\*</sup>) hækkar mikið í Mývatni þegar blámor er í miklu magni í vatninu. Á öðrum tímum er styrkur þess mun lægri (tafla 4). *Ecological status of Myvatn in 2021, according to physico-chemical quality elements used in WFD status classification*

Gæðapættir	Matsþættir	Einingar	Mæligildi	EQR	nEQR	Litakóði ástands-flokkunar
Súrnunarástand	Leiðni	µS/cm	e.m.			e.m.
	pH		9,25	1	1	Mjög gott
	Basavirkni	meq/l	e.m.			e.m.
	Meðaltal nEQR súrnunarástand					
Næringarefni	PO <sub>4</sub>	µmól/l	0,127	1	1	
	NO <sub>3</sub>	µmól/l	0,249	1	1	
	NH <sub>4</sub> <sup>*</sup>	µmól/l	4,34	0,12	0,12	
	Meðaltal nEQR næringarefni				0,71	Gott

## **Viðauki 1 – Niðurstöður efnamælinga**

Útfall Mývatns við Geirastaði

Syðriflói í Mývatni

Ytriflói í Mývatni

Grænilækur

Grjótavogur

Helgavogur

Lind við Bjarg

Tafla 4. Niðurstöður mælinga sem gerðar voru á eðlis- og efnaþáttum í útfalli Mývatns við Geirastaði 2020 til 2021. *Results from measurements on physical and chemical components in the outlet of Myvatn at Geirastadir 2020–2021.*

**Útfall við Geirastaði**

Sýnanúmer	Dags	Loft- Vatns-		pH	Leiðni	SiO <sub>2</sub>	Na	K	Ca	Mg	Alkalinity	DIC	SO <sub>4</sub>	Cl	F	Hleðslu-		TDS	TDS reiknað	TOC	Svifaur	
		Rennsli m <sup>3</sup> /s	hiti °C													hiti °C	jafnvægi					jafnvægi
2020MYV04	10.6.2020			8,51	137,7	104	926	30,4	165	137												
2020MYV11	10.7.2020			9,23	137,7	73	1035	37,6	181	151												
2020MYV18	12.8.2020			8,77	138,6	163	1027	43,2	183	152												
2020MYV25	9.9.2020			8,10	124,0	266	1031	39,1	177	151												
2020MYV32	3.10.2020			8,44	120,5	218	957	33,0	165	140												
21-M04	11.6.2021			11,3	9,76	167,8	180	970	32,2	195	149	1,16	1090	177	111,1	12	47,8	1,4		132		
21Mýv011	10.7.2021			19,6	9,30		136	1057	34,8	194	151											
21Mýv18	11.8.2021			16,6	9,30		187	1092	45,0	196	158											
21MYV25	10.9.2021			10,4	8,63		128	1074	41,2	190	155											

**Upplýst næringarefni**

Sýnanúmer	Dags	Upplýst næringarefni														Cr	Cu	Ni	Pb	Zn	Hg	Mo	Ti	V			
		P-total <sup>1</sup>	P-total <sup>2</sup>	PO <sub>4</sub>	NO <sub>3</sub>	NO <sub>2</sub>	NH <sub>4</sub>	N-total	Al	Fe	B	Mn	Sr	As	Ba										Cd	Co	
		µmól/l	µmól/l	µmól/l	µmól/l	µmól/l	µmól/l	µmól/l	µmól/l	µmól/l	µmól/l	µmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	µmól/l
2020MYV04	10.6.2020	0,407	0,452	0,290	<0,14	<0,04	<0,21	11,43	0,117	0,242	2,285	0,004	0,100	2,376	1,937	<0,018	0,533	11,6	6,39	9,42	0,069	<3,06	<0,01	9,39	3,01	0,968	
2020MYV11	10.7.2020	1,614	1,387	0,45	<0,14	<0,04	1,857	32,86	0,797	0,594	2,516	0,056	0,118	2,52	1,828	0,031	0,903	14,1	8,54	2,33	0,100	4,89	<0,01	7,52	29,03	0,856	
2020MYV18	12.8.2020	0,054	0,871	0,226	0,19	0,0857	13,571	46,43	0,060	0,020	2,618	0,002	0,115	2,20	1,689	<0,018	0,304	6,8	4,26	2,86	0,057	12,02	<0,01	6,98	0,43	0,601	
2020MYV25	9.9.2020	0,108	0,548	0,323	<0,14	0,0364	7,8571	20,71	0,018	0,112	2,386	0,0012	0,106	2,39	1,456	0,020	0,185	10,0	3,01	4,12	<0,048	<3,06	<0,01	7,30	1,76	0,891	
2020MYV32	3.10.2020	0,176	0,194	0,097	<0,14	<0,04	<0,21	6,71	0,029	0,249	2,183	0,0044	0,097	1,83	1,820	<0,018	0,205	14,1	2,57	5,16	0,056	<3,06	<0,01	6,92	5,51	0,966	
21-M04	11.6.2021	0,368	0,613	0,071	<0,14	<0,02	0,3143	5,43	0,434	0,197	1,905	0,0111	0,115	2,10	1,813	<0,018	0,526	17,0	8,17	1,08	<0,048	<3,06	0,034	8,71	6,79	1,227	
21Mýv011	10.7.2021	0,116	0,226	0,081	<0,14	0,0414	7,853	24,99	0,637	0,069	3,293	0,002	0,124	3,097	1,384	<0,018	0,872	16,6	6,36	0,92		5,35	<0,01	9,80	2,17	1,390	
21Mýv18	11.8.2021	0,143	0,323	0,223	<0,14	<0,02	4,998	20,70	0,452	0,321	2,923	0,014	0,126	2,883	1,391	<0,018	0,662	14,8	9,69	1,45		7,49	<0,01	8,64	12,95	0,901	
21MYV25	10.9.2021	0,082	0,549	0,132	0,785	0,1356	4,212	20,70	0,059	0,011	2,840	0,001	0,120	3,510	1,303	<0,018	0,399	9,7	<1,57	<0,85		4,01	<0,01	8,87	<0,02	0,936	

<sup>1</sup> P-total mælt með ICP-MS

<sup>2</sup> P-total mælt með autoanalyser

Tafla 5. Niðurstöður mælinga sem gerðar voru á eðlis- og efnabáttum í Syðriflóa í Mývatni 2020 til 2021. *Results from measurements on physical and chemical components in Sydrifloi in Myvatn 2020–2021.*

**Syðriflói**

Sýnanúmer	Dags	Rennsli m <sup>3</sup> /s	Loft-	Vatns-	pH	Leiðni µS/cm	SiO <sub>2</sub> µmól/l	Na µmól/l	K µmól/l	Ca µmól/l	Mg µmól/l	Alkalinity meq/l	DIC µmól/l	SO <sub>4</sub> µmól/l	Cl µmól/l	F µmól/l	Hleðslu-	Hleðslu-	TDS	TDS reiknað mg/kg	TOC mg/l	Svifaur mg/kg	
			hiti °C	hiti °C													jafnvægi µmól	jafnvægi % skekkja					
2020MYV02	10.6.2020				8,45	140,9	116	974	32,0	170	141												
2020MYV09	10.7.2020				9,14	136,0	146	1031	35,3	171	141												
2020MYV16	12.8.2020				8,73	147,6	184	840	36,1	156	129												
2020MYV23	9.9.2020				8,12	128,6	259	1018	37,1	169	145												
2020MYV30	3.10.2020				8,14	132,8	272	1100	40,9	203	167												
21-M07	12.6.2021			10,5	9,64	171,8	179	996	33,5	198	151	1,191	1129	186,0	110	12,6	42	1,2		136			
21Mýv009	10.7.2021				17,7	9,10		129	1031	31,7	181	142											
21Mýv16	11.8.2021				16,2	8,54		199	1048	44,2	181	146											
21Mýv24	10.9.2021				10,4	8,75		110	1040	39,1	181	149											

Sýnanúmer	Dags	Uppleyst næringarefni																								
		P-total <sup>1</sup>	P-total <sup>2</sup>	PO <sub>4</sub>	NO <sub>3</sub>	NO <sub>2</sub>	NH <sub>4</sub>	N-total	Al	Fe	B	Mn	Sr	As	Ba	Cd	Co	Cr	Cu	Ni	Pb	Zn	Hg	Mo	Ti	V
		µmól/l	µmól/l	µmól/l	µmól/l	µmól/l	µmól/l	µmól/l	µmól/l	µmól/l	µmól/l	µmól/l	µmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l
2020MYV02	10.6.2020	0,426	0,387	0,258	<0,14	<0,04	0,43	5,64	0,117	0,242	2,28	0,004	0,100	2,376	1,94	<0,018	0,533	11,6	6,39	9,42	0,069	<3,06	<0,01	9,39	3,01	0,968
2020MYV09	10.7.2020	0,455	0,355	0,19	<0,14	<0,04	0,500	5,14	0,797	0,594	2,52	0,056	0,118	2,52	1,83	0,031	0,903	14,1	8,54	2,33	0,100	4,89	<0,01	7,52	29,03	0,856
2020MYV16	12.8.2020	0,184	1,258	0,355	<0,14	<0,04	13,6	65,7	0,060	0,020	2,62	0,002	0,115	2,20	1,69	<0,018	0,304	6,8	4,26	2,86	0,057	12,0	<0,01	6,98	0,43	0,601
2020MYV23	9.9.2020	0,119	0,355	0,194	<0,14	0,0714	6,93	15,0	0,018	0,112	2,39	0,0012	0,106	2,39	1,46	0,020	0,185	10,0	3,01	4,12	<0,048	<3,06	<0,01	7,30	1,76	0,891
2020MYV30	3.10.2020	0,166	0,161	0,097	<0,14	<0,04	<0,21	3,50	0,029	0,249	2,18	0,0044	0,097	1,83	1,82	<0,018	0,205	14,1	2,57	5,16	0,056	<3,06	<0,01	6,92	5,51	0,966
21-M07	12.6.2021	0,362	0,581	0,100	<0,14	<0,02	0,3929	5,93	0,434	0,197	1,91	0,0111	0,115	2,10	1,81	<0,018	0,526	17,0	8,17	1,08	<0,048	<3,06	0,034	8,71	6,79	1,227
21Mýv009	10.7.2021	0,180	0,226	<0,03	0,343	<0,02	6,85	28,56	0,637	0,069	3,29	0,002	0,124	3,097	1,38	<0,018	0,872	16,6	6,36	0,92		5,35	<0,01	9,80	2,17	1,390
21Mýv16	11.8.2021	0,601	1,388	1,066	<0,14	0,0236	13,6	36,41	0,452	0,321	2,92	0,014	0,126	2,883	1,39	<0,018	0,662	14,8	9,69	1,45		7,49	<0,01	8,64	12,95	0,901
21Mýv24	10.9.2021	0,050	0,484	0,068	<0,14	0,0928	4,36	19,99	0,059	0,011	2,84	0,001	0,120	3,510	1,30	<0,018	0,399	9,7	<1,57	<0,85		4,01	<0,01	8,87	<0,02	0,936

<sup>1</sup> P-total mælt með ICP-MS

<sup>2</sup> P-total mælt með autoanalyser

Tafla 6. Niðurstöður mælinga sem gerðar voru á eðlis- og efnaþáttum í Ytriflóa í Mývatni 2020 til 2021. *Results from measurements on physical and chemical components in Ytrifloi in Myvatn 2020–2021.*

### Ytriflói

Sýnanúmer	Dags	Rennsli m <sup>3</sup> /s	Loft-	Vatns-	pH	Leiðni µS/cm	SiO <sub>2</sub> µmól/l	Na µmól/l	K µmól/l	Ca µmól/l	Mg µmól/l	Alkalinity meq/l	DIC µmól/l	SO <sub>4</sub> µmól/l	Cl µmól/l	F µmól/l	Hleðslu-	Hleðslu-	TDS mg/kg	TDS reiknað mg/kg	TOC mg/l	Svifaur mg/kg	
			hiti °C	hiti °C													jafnvægi µmól	jafnvægi % skekkja					
2020MYV01	10.6.2020				8,75	216,0	324	1375	61,6	307	227												
2020MYV08	10.7.2020				9,21	166,6	145	1344	61,4	279	216												
2020MYV15	12.8.2020				8,90	184,0	263	1348	65,5	302	216												
2020MYV22	9.9.2020				8,48	159,0	228	1257	61,9	277	208												
2020MYV29	3.10.2020				8,20	159,6	374	1392	66,5	319	226												
21-M06	12.6.2021			10,1	9,17	237,1	274	1283	62,2	312	216	1,480	1434	338,0	187	12,2	51	1,1		191			
2021Mýv008	10.7.2021				18,8	9,25	212	1440	65,0	317	223												
2021Mýv15	11.8.2021				16,9	9,41	36	1283	59,8	242	202												
21Mýv23	10.9.2021				10,4	8,76	199	1435	68,0	302	216												

Sýnanúmer	Dags	Upplýst næringarefni																								
		P-total <sup>1</sup>	P-total <sup>2</sup>	PO <sub>4</sub>	NO <sub>3</sub>	NO <sub>2</sub>	NH <sub>4</sub>	N-total	Al	Fe	B	Mn	Sr	As	Ba	Cd	Co	Cr	Cu	Ni	Pb	Zn	Hg	Mo	Ti	V
		µmól/l	µmól/l	µmól/l	µmól/l	µmól/l	µmól/l	µmól/l	µmól/l	µmól/l	µmól/l	µmól/l	µmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	nmól/l	µmól/l
2020MYV01	10.6.2020	0,142	0,129	<0,03	<0,14	<0,04	<0,21	6,86	0,193	0,299	5,69	0,006	0,203	2,723	3,55	0,033	0,370	9,02	9,22	8,45	0,102	<3,06	<0,01	10,5	6,27	0,601
2020MYV08	10.7.2020	0,194	0,161	<0,03	<0,14	<0,04	0,714	15,7	0,437	0,247	4,66	0,009	0,199	2,02	3,94	<0,018	0,601	5,17	9,43	8,81	0,083	<3,06	<0,01	9,72	2,38	0,453
2020MYV15	12.8.2020	0,055	0,355	0,065	<0,14	<0,04	3,50	14,3	0,104	0,012	4,70	0,001	0,210	3,04	4,12	0,021	0,350	5,52	4,15	2,30	0,053	3,50	<0,01	8,06	1,27	0,446
2020MYV22	9.9.2020	0,094	0,194	0,065	<0,14	<0,04	4,50	15,0	0,131	0,178	4,27	0,0070	0,194	2,56	3,43	0,022	0,645	4,46	5,32	3,24	0,053	<3,06	<0,01	8,32	4,20	0,404
2020MYV29	3.10.2020	0,086	0,097	0,065	10,00	<0,04	<0,21	4,79	0,082	0,141	4,56	0,0027	0,217	2,68	4,38	0,018	0,334	5,71	7,16	3,49	0,057	<3,06	<0,01	7,64	4,14	0,385
21-M06	12.6.2021	0,165	0,419	0,052	<0,14	<0,02	0,236	5,86	0,290	0,299	3,84	0,0170	0,199	2,39	2,88	<0,018	0,872	7,14	10,1	2,08	<0,048	<3,06	0,036	9,75	8,65	0,644
2021Mýv008	10.7.2021	0,145	0,420	0,103	<0,14	<0,02	2,86	20,0	0,452	0,242	14,5	0,009	0,215	2,750	4,27	<0,018	1,92	7,19	16,2	2,25		35,8	<0,01	10,9	15,2	0,738
2021Mýv15	11.8.2021	0,157	0,194	<0,03	<0,14	<0,02	4,50	23,6	1,83	0,170	4,62	0,009	0,185	2,910	2,61	<0,018	2,02	5,21	18,7	4,69		10,5	<0,01	10,5	5,12	0,607
21Mýv23	10.9.2021	0,089	0,258	<0,03	<0,14	<0,02	4,50	21,4	0,163	0,389	5,31	0,004	0,217	3,097	3,55	<0,018	1,27	3,83	4,30	5,83		8,0	<0,01	9,3	0,85	0,455

<sup>1</sup> P-total mælt með ICP-MS

<sup>2</sup> P-total mælt með autoanalyser

Tafla 7. Niðurstöður mælinga sem gerðar voru á eðlis- og efnabáttum í Grænalæk 2020 til 2021. *Results from measurements on physical and chemical components in Grænilækur in Myvatn 2020–2021.*

**Grænilækur**

Sýnanúmer	Dags	Rennsli m <sup>3</sup> /s	Loft-	Vatns-	pH	Leiðni µS/cm	SiO <sub>2</sub> µmól/l	Na µmól/l	K µmól/l	Ca µmól/l	Mg µmól/l	Alkalinity meq/l	DIC µmól/l	SO <sub>4</sub> µmól/l	Cl µmól/l	F µmól/l	Hleðslu-	Hleðslu-	TDS mg/kg	TDS reiknað mg/kg	TOC mg/l	Svifaur mg/kg	
			hiti °C	hiti °C													jafnvægi	jafnvægi					
2020MYV03	10.6.2020				8,47	120,9	203	757	28,1	126	114												
2020MYV10	10.7.2020				8,60	118,0	223	835	29,9	127	120												
2020MYV17	12.8.2020				8,98	116,7	227	792	27,4	123	115												
2020MYV24	9.9.2020				8,64	106,6	240	822	27,6	120	112												
2020MYV31	3.10.2020				8,05	106,2	282	887	33,2	137	131												
21-M05	11.6.2021			9,2	9,03	139,8	280	835	32,2	156	146	1,15	1118	87,1	67	11,0	68	2,4		125			
21Mýv010	10.7.2021			15,5	6,67		236	874	28,6	135	127												
21Mýv17	11.8.2021			13,4	4,67		239	883	28,6	133	123												
21Mýv22	10.9.2021			7,8	8,60		250	874	29,9	128	119												

**Uppléyst næringarefni**

Sýnanúmer	Dags	P-total <sup>1</sup>		Uppléyst næringarefni																						
